

## SKÓGRÆKT OG UPPGRÆÐSLA Í SELFJALLI VIÐ LÆKJARBOTNA, KÓPAVOGI

### Ákvörðun um matsskyldu

#### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að skógrækt og uppgræðsla í Selfjalli við Lækjarbotna í Kópavogi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að miklar ásýndarbreytingar verði á Selfjalli á komandi árum. Því sé mikilvægt að haga verki þannig að ásýnd fjallsins eftir uppgræðslu og gróðursetningu verði náttúruleg eins og áformað er af framkvæmdaraðila. Því telur Skipulagsstofnun eðlilegt að mest verði gróðursett af birki og íslenskum lauftrjám á svæðinu. Með því móti telur Skipulagsstofnun líklegast að náist fram náttúruleg ásýnd svæðisins og neikvæðar ásýndarbreytingar verði í lágmarki.

Skipulagsstofnun telur afar brýnt að framkvæmdaraðili fylgi ábendingum Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og noti ekki meira af húsdýraáburði á hektara en ráðgert er samkvæmt greinargerð framkvæmdaraðila. Jafnframt telur Skipulagsstofnun afar brýnt að engin varasöm efni eða áburður verði geymd á grannsvæði vatnsverndarinnar nema tryggt sé að þau geti ekki borist í jarðveg og þaðan í grunnvatn. Þá telur stofnunin brýnt að náíð samráð verði haft við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis ef einhver frávik verða á efna eða áburðarnotkun frá því sem ráðgert er. Gangi það eftir er, að mati Skipulagsstofnunar, ólíklegt að áhrif á gæði vatns á verndarsvæðinu verði neikvæð.

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar uppgræðslu og skógræktar á landnotkun, menningar- og náttúruminjar verði óverulegar.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Kópavogsbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. júní 2009.

## INNGANGUR

Þann 25. mars 2009 tilkynnti Kópavogsbær um fyrirhugaða skógrækt og uppgræðslu í Selfjalli í Lækjarbotnum í Kópavogi til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 1 d í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Kópavogsbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Kópavogsbæ með bréfi dags. 21. apríl 2009, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 14. apríl 2009, Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 16. apríl 2009, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 6. apríl 2009, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með bréfi dags. 20. apríl 2009 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 3. apríl 2009. Frekari upplýsingar bárust frá Kópavogsbæ með bréfi dags. 22. apríl 2009.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Í greinargerð Kópavogsbæjar kemur fram að fyrirhuguð skógrækt og uppgræðsla í Selfjalli í lögsögu Kópavogs verði væntanlega unnin í samvinnu Kópavogsbæjar, Skógræktarfélags Kópavogs, Skógræktarfélag Íslands og Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs. Fyrirhugað sé að framkvæmdin standi yfir til ársins 2020 og nái til svæðis sem er alls um 145 ha lands. Áætlað sé að árlega verði gróðursettar liðlega 12.000 trjáplöntur á svæðinu og uppgræðsla nái til um 6 ha lands á ári hverju.

Fram kemur að tilgangur verkefnisins sé uppgræðsla og skógrækt til útivistar. Helstu markmið skógræktar í Selfjalli séu:

- að taka til ræktunar ný svæði og endurheimta skóglendi.
- að rækta tegundablandaða nýskóga, sem auka fjölbreytni og tryggja sjálfbært vistkerfi í framtíðinni.
- að græða upp ógróin svæði og stöðva rof, með því að bæta og styrkja gróður og jarðveg á svæðinu.
- að gera svæðið aðgengilegra og eftirsóknarverðara til útivistar t.d. með vegabótum og stígagerð er tengir svæðið við skógræktar- og útivistarsvæðið á Heiðmörk.

Fram kemur að svæðið sé alls um 145 ha. Gert sé ráð fyrir að skógræktarsvæðið verði um 70 ha að flatarmáli og þar yrðu gróðursettar um 148.000 trjáplöntur. Ráðgert sé að græða upp um 75 ha lands.

**Helstu plöntutegundir, þéttleiki og áburðargjöf.** Fram kemur að bæði verði plantað lauf- og barrtrjám. Birki, elri, lerki, stafafura, blágreni og sitkagreni verði plantað á gróðurryrum og áveðra svæðum, en ösp, reyni, víði, sitkagreni, blágreni og hvítgreni á skjólsælli svæðum. Gert sé ráð fyrir, að öllu jöfnu séu gróðursettar allt að 2.500 plöntur á ha, sem samsvarar 2 metrum milli plantna. Miðað sé við að gróðursetja þvert á hlíðar Selfjallsins enda dragi það úr sjáanlegum línunum í hlíðunum og valdir verði skjólgóðir staðir við steina eða í skjóli fyrir verstu vindáttum. Gert sé ráð fyrir að afföll geti orðið á bilinu 20-40% af upphaflegum plöntufjölda og því nauðsynlegt að fara um svæðið að 6-7 árum liðnum og bæta í stærstu skörðin sem hafi myndast. Þá gefist einnig tækifæri til að bæta við nýjum trjategundum til þess að auka fjölbreytnina. Til þess að bestur árangur náist verði unnið að framkvæmdum frá

ákveðnum upphafsstað og síðan í samfellu út frá því svæði. Á þann hátt skýli uppvasandi trjágróður því sem vaxi í nágrenni. Lagt sé til að hafist verði handa í norðurhlíðum Selfjallsins, enda séu þar að öllum líkindum vænlegustu skilyrðin á svæðinu. Fyrirhugað sé að nota hrossatað við útplöntun trjáa og í uppgræðslu lands. Miðað sé við að nota allt að 8 m<sup>3</sup> af hrossataði á ha á fjarsvæði vatnsverndar og 4 m<sup>3</sup> á grannsvæði, samkvæmt leiðbeiningum Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

**Tengdar framkvæmdir.** Fram kemur að notast verði við þá vegslóða sem fyrir séu á svæðinu. Nauðsynlegt sé að styrkja slóðana á einstaka stað með ofanburði til að auðvelda aðdrætti að svæðinu, en miðað sé við að ekki verði ráðist í nýja vegagerð vegna verkefnisins. Með styrkingu núverandi vegslóða minnki jafnframt líkur á frekari eyðileggingu á grónu landi á svæðinu en ljóst sé að vélknúin farartæki hafi farið all víða um svæðið og skemmt gróður. Síðar verði hugað að stígagerð á svæðinu og tengingum við t.d. gönguleiðir í Lækjarbotnum og í Heiðmörk.

**Áhrif á landslag.** Fram kemur að hraunjaðrar, sérstaklega í suðurkrika Selfjalls séu sérstakir, bæði brattir og hrjúfir og með fallegum hraunmyndunum. Forðast beri að gróðursetja of nálægt þeim þannig að jaðramir haldi sérstöðu sinni í landslagi svæðisins. Landslag á svæðinu og ásýnd þess muni breytast þegar fram í sækir og verði áþekkt því sem sjá má í Heiðmörk og í Lækjarbotnum þar sem skiptist á skógur og önnur gróðursvæði, hraunflákar og ávalar hæðir. Í skógræktaráætluninni sé reynt að draga úr skörpum skilum s.s. beinum línunum þvert eða lóðrétt á hlíðar fjallsins sem geti hugsanlega stungið í stúf.

**Áhrif á gróður.** Fram kemur að gróður í Selfjalli beri merki mikillar hnignunar og röskunar. Verulegur hluti Selfjallsins (um 40%) sé algjörlega örfoka. Þar sem gróður fyrirfinnst sé hann víða gisinn og veikburða. Ríkjandi séu gróðursamfélög, sem um langan tíma hafi verið á undanhaldi vegna beitar og uppblásturs. Telja megi víst að fjallið hafi upphaflega verið algróið og að mestu þakið birkiskógi. Gróðursamfélögin sem haldið hafa velli séu lyngmóar, mosapembur og þursaskeggsmói. Þar sé að finna harðgerðar tegundir sem bæði þoli beit og lifi af við erfiðar aðstæður. Leifar af upprunalegu birki og víðiflaka, m.a. loðvíði og gulvíðiflesjur, sé að finna að vestanverðu í Selfjalli. Birkið nái allt að 1,5m hæð. Í gamalli námu eigi sér stað mikil sjálfgæðsla og sé þar áberandi hve ýmsar víðitegundir, s.s. viðja, alaskavíðir, loðvíðir og gulvíðir hafa numið land og einnig sé þar að finna sjálfsáð birki. Minnst sé af gróðri á hæðarkollum og brekkum í austurhluta Selfjallsins, gegnt ríkjandi og erfiðustu vindáttunum. Í vesturhluta Selfjalls sé gróska hvað mest. Þar sé bæði nokkuð eftir af jarðvegstorfum og þar séu hvörf og lægðir, þar sem jarðvegur finnst.

**Áhrif á menningarminjar.** Fram kemur að í vettvangsferð fornleifafræðings hafi engar eiginlegar fornleifar fundist á svæðinu, en nokkrar yngri minjar fundust. Var ein þeirra, varða um 1,1 m í þvermál og um 0,8 m há skráð í fornleifaskrá. Gert sé ráð fyrir að flatir umhverfis tvær rústir í sunnanverðu fjallinu verði skóglausar.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að á Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 sé umrætt svæði auðkennt sem skógræktarsvæði. Fyrirhugað framkvæmdasvæði sé innan marka vatnsverndar, en fyrir liggja samþykki Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis frá 6. júní 2001 ásamt staðfestingu heilbrigðisnefndar frá 19. janúar 2009 til uppgræðslu og takmarkaðrar skógræktar.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Kópavogsbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Umhverfisstofnun telja ekki ástæðu til að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu tók ekki efnislega afstöðu til matskyldu framkvæmdarinnar en vísaði málinu til umsagnar heilbrigðisnefnda á höfuðborgarsvæðinu. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telur að framkvæmdirnar skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.

**Áhrif á landnotkun.** Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu og Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur telja að á meðan ekki liggja fyrir gögn um áhrif breytinga vegna uppgræðslu innan vatnsverndarsvæða á gæði neysluvatns sé óæskilegt að heimila ný uppgræðsluvæði á grannsvæðum, þar til gerð hefur verið skipulags- og landgræðsluáætlun fyrir vatnsverndarsvæðið. Þó sé hægt að heimila lokun jarðvegsrofa og takmarkaða skógrækt með laufskógi eða blönduðum skógi. Þetta sé í samræmi við fyrri afstöðu Framkvæmdarstjórnar um vatnsvernd frá árinu 2000.

**Áhrif á náttúruminjar.** Umhverfisstofnun bendir á að hrauntaumar hafi runnið að hlíðum Selfjalls, rennslistaumar og gárur séu sýnilegar og hraunkantar afar formfagrir. Eldhraun af því tagi sem séu umhverfis Selfjall falli undir sérstaka vernd samkvæmt 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda sé öll ræktun útlendra plöntutegunda hér á landi óheimil á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar. Bendir stofnunin á að í grein 2.6 í skógræktaráætluninni þar sem fjallað er um hraunjaðar segi: „*Forðast ber að gróðursetja of nálægt þessum fallegum hraunmyndunum og leyfa þeim að halda sérstöðu sinni í landslaginu.*“ Umhverfisstofnun leggur áherslu á að eldhraunum og jöðrum þeirra verði ekki raskað og trjám ekki plantað svo nærri jaðri að hann hverfi sjónum heldur fái jarðmyndanir að njóta sín.

**Áhrif á gróður.** Umhverfisstofnun bendir á að ekki skuli rjúfa grámosapembur, eins og fyrirhugað sé samkvæmt greinargerð, enda eitt af helstu markmiðum verkefnisins að: „að rækta upp ógróin svæði og stöðva rof.“

**Áhrif á vatnsgæði.** Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis bendir á að fosföt og köfnunarefni geti borist í grunnvatn frá ræktun. Efnin séu reglulega mæld í neysluvatni á höfuðborgarsvæðinu. Tekin hafi verið sýni mánaðarlega í líðlega ár í tveimur lotum með nokkra ára millibili úr öllum vatnsbólum á svæðinu. Ekki hafi orðið vart merkjanlegra breytinga og mældist styrkur þessarra efna mjög lágur og langt innan allra viðmiðunarmarka. Heilbrigðiseftirlitið telji að áhrifa fyrirhugaðrar ræktunar muni ekki gæta í nærliggjandi vatnsbólum.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telur að þar sem áætlunin sé að mestu leyti á grannsvæði vatnsverndarsvæðisins og taki til næstu 10 ára með tilheyrandi áburðargjöf þurfi að meta umhverfisáhrif framkvæmdanna.

**Áhrif af völdum tengdra framkvæmda.** Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur bendir á að umfang og áhrif vegna stígagerðar og vegarþóta liggja ekki fyrir.

Í svörum Kópavogsbæjar kemur fram að ekki sé áætlað að byggja upp betri vegi en nota eigi vegslóðana sem fyrir séu. Með einstaka endurbótum á vegslóðum verði vonandi komið í veg fyrir akstur utan þeirra.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða skógrækt og uppgræðslu í Selfjalli við Lækjarbotna í Kópavogi. Fyrirhugað er að framkvæmdin standi yfir til ársins 2020 á um 145 ha svæði. Áætlað er að árlega verði gróðursettar liðlega 12.000 trjáplöntur á svæðinu og uppgræðsla nái til um 6 ha lands á ári hverju. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1 d í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að miklar ásýndarbreytingar verði á Selfjalli á komandi árum. Því sé mikilvægt að haga verki þannig að ásýnd fjallsins eftir uppgræðslu og gróðursetningu verði náttúruleg eins og áformað er af framkvæmdaraðila. Því telur Skipulagsstofnun eðlilegt að mest verði gróðursett af birki og íslenskum lauftrjám á svæðinu. Með því móti telur Skipulagsstofnun líklegast að náist fram náttúruleg ásýnd svæðisins og neikvæðar ásýndarbreytingar verði í lágmarki.

Skipulagsstofnun telur afar brýnt að framkvæmdaraðili fylgi ábendingum Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og noti ekki meira af húsdýraáburði á hektara en ráðgert er samkvæmt greinargerð framkvæmdaraðila. Jafnframt telur Skipulagsstofnun afar brýnt að engin varasöm efni eða áburður verði geymd á grannsvæði vatnsverndarinnar nema tryggt sé að þau geti ekki borist í jarðveg og þaðan í grunnvatn. Þá telur stofnunin mikilvægt að náíð samráð verði haft við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis ef einhver frávik verða á efna eða áburðarnotkun frá því sem ráðgert er. Gangi það eftir er, að mati Skipulagsstofnunar, ólíklegt að áhrif á gæði vatns á verndarsvæðinu verði neikvæð.

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar uppgræðslu og skógræktar á landnotkun, menningar- og náttúruminjar verði óverulegar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Kópavogsbæjar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Kópavogsbæjar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að skógrækt og uppgræðsla í Selfjalli við Lækjarbotna í Kópavogi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Kópavogsbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Kópavogsbær og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. júní 2009.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson